

Verkefni / rannsókn: Jöfn tækifæri til starfsnáms

Styrkþegi: Mímir-símenntun

Samantekt

Þróunarverkefnið *Jöfn tækifæri til starfsnáms* hófst 26.02.08 og lauk 16.04.08.

Markmið verkefnisins var að styrkja stöðu starfsmanna af erlendum uppruna, sem hafa litla formlega menntun og vinnu á Heilbrigðisstofnunum, á íslenskum vinnumarkaði og hvetja þá til frekara náms á heilbrigðissviði.

Valinn var einn hópur þátttakenda af erlendum uppruna sem var í námi á Fagnámskeiði 2. Valin voru þrjú fög og námsefni aðlagð að þörfum nemendahópsins. Þau fög sem valin voru til að aðlögunar voru: Aðstoð og umönnun, Félagsfræði og Heilbrigðisfræði.

Verkefnið er til þess fallið að nemendur öðlist þekkingu og auki faglega, persónulega og almenna færni sína. Einnig er markmið námskeiðsins að styrkja sjálfstraust erlendra starfsmanna og efla samskiptafærni. Um er að ræða svokölluð Fagnámskeið I og II, sem eru ætluð þeim sem hafa íslensku sem móðurmál. Það þurfti að aðlaga kennsluefni og kennsluhætti að þörfum starfsmannanna af erlendum uppruna. Kennsluefni sem kennt var á Fagnámskeiði II var aðlagð að nemendum sem hafa ekki íslensku sem móðurmál. Mikilvægt var að hafa kennsluna fjölbreytta með því að nota fræðslumyndbönd, fara í heimsóknir á hjúkrunarheimili, hafa hópvinnu, umræður, leiki, verklegar æfingar og fleira.

Project: Equal opportunity to internship

Grantee: Mímir-símenntun

Abstract

The developmental project *Equal opportunity to internship* started 26.02.08 and completed 16.04.08.

The main goal of the project was to support immigrants, who have little formal education and are working in the health care sector, to improve their situation in the Icelandic labour market and encourage seeking more education in the health care sector.

We chose one group of participants of foreign origin, who had attended the course Fagnámskeið II. We chose three subjects and the curriculum were adjusted to the learners needs: Assistance and Tendency, Sociology and Health Care.

The project helped learners to gain knowledge and to improve their professional and personal skills. The goal of the course also is to strengthen their self-confidence and build up communication. Fagnámskeið I and Fagnámskeið II are suitable for Icelanders and our teachers had adjusted curriculums and use different teaching styles in order to meet the needs of foreign learners.

The most important factors were different teaching methods and styles as well as the usage of professional videotapes, visits to Nursing Homes, teamwork, discussions, games, vocational training etc.